



Morgunblaðið, 26.10.2019, síðu 8  
grein stærð: 145.12 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 7.01 sm

# Greidda atkvæði um sameiningu

## ● Tillaga gerð um sameiningu fjögurra nágrannasveitarfélaga á Austurlandi

Íbúar Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðar eystri ganga í dag til kosninga um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Kjörstaðir verða í öllum sveitarfélögum, einn í hverju. Kjörfundir hefjast klukkan 9 eða 10 og lýkur á bilinu 18 til 22. Talið verður á öllum stöðunum og niðurstöður tilkynntar.

Ef meirihluti þeirra sem þátt taka samþykkir sameiningartillöguna í öllum sveitarfélögum sameinast þau í eitt. Ef tillagan verður felld í einu af þremur minni sveitarfélögum, það er að segja öðrum en Fljótsdalshéraði, er sveitarstjórnum þeirra þriggja sem samþykkja heimilt að ákveða sameiningu án þess að ganga til nýrra kosninga.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Seyðisfjörður Íbúar fjögurra sveitarfélaga kjósa um sameiningu.**

Í aðdraganda viðræðna um sameiningu var gerð skoðanakönnun meðal íbúa þessara fjögurra sveitarfélaga auk Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps. Meirihluti studdi sameiningu á Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði, Djúpavogi og Borgarfirði eystra en meirihluti íbúa á Vopnafirði og í Fljótsdalshreppi var andvígur. Því gengu sveitarfélögin fjögur til viðræðna sem leiddu til tillögu um sameiningu sem nú er lögð fyrir íbúana.  
*helgi@mbl.is*